

S. Frumvarp

til laga um skipströnd og vogrek.

(Lagt fyrir Alþingi 1926).

I. kafli um skipströnd.

1. gr.

Hver, sem þess verður var, að hafskip sje i hættu stalt við land eða strandað, eða að góss úr því reki á land, er skyldur að gera alt, sem í hans valdi stendur, til þess að bjarga mönnum og góssi, enda skal hann tafarlaust skýra hreppstjóra, eða lögreglustjóra, ef auðveldara er að ná til hans, frá atburðum með firðskeyti eða símtali, ef þess er kostur, en ella með skyndiboða. Hreppstjóri skal með sama hætti skýra lögreglustjóra frá skipreika. En lögreglustjóri skýrir síðan dómsmálaráðuneytinu frá því, hvernig komið er. með firðskeyti, ef þess er kostur, en ella með næstu póstferð. Dómsmálaráðuneytið skal svo jafnskjótt sem unt er tilkynna skipreikann fyrirsvarsmanni þess ríkis, sem skip er frá.

2. gr.

Hreppstjóri eða lögreglustjóri, ef hann er fyrr á strandstað kominn, skal svo skjótt sem unt er fá úr því skorið, hvort skip skuli talið strandað. En þá er skip talið strandað eftir lögum þessum, ef það er rekið upp eða fast orðið við land, enda verði því ekki bjargað á sjó út og gert haffært áður en hætta sje á því, að það farist að miklu leyli eða öllu. Fela skal skipstjóra og 2 valinkunn- um mönnum að meta þetta að viðlögðum drengskap. Afli atkvæða þeirra ræður, og er úrskurður þeirra fullnaðarúrskurður.

3. gr.

Hreppstjóri skal annast björgun og aðhlyningu manna, varðveislu skips og björgun góss og varðveislu, þar til lögreglustjóri skipar fyrir um þau efni (sbr. þó 4. og 5. gr. og fyrstu málsgrein 7. gr.) En gæta skal hreppstjóri þess, að ekkert það verði gert, er tálma kunni síðar rannsókn nokkurra þeirra atriða, er strandið varða.

4. gr.

Nú neitar skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips því skriflega, að góssi verði bjargað eða að ráðstafanir til björgunar verði gerðar, þar til lögreglustjóri kemur, og hlutast hreppstjóri þá ekki um björgun góss eða skips.

5. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur gera eyðublöð með spurningum á íslensku, dönsku, ensku, þýsku og frönsku um skip og skipstjóra, ferð þess, hvernig slysið

vildi til, hvaða ráðstafana óskað sje af hálfu stjórnvalda um björgun og meðferð skipsmanna, og fá lögreglustjórum og hreppstjórum eyðublað þessi. Skal hreppstjóri leggja eyðublað fyrir skipstjóra eða þann, sem í stað hans kemur, jafnskjótt sem því verður við komið, enda skal skipstjóri skrá svar sitt skýrt og greinilega við hverri spurningu. Nú verður brestur á þessu, og skal þá líta svo á sem skipstjóri óski ekki aðstoðar íslenskra stjórnvalda.

Þegar er því verður viðkomið, skal hjeradsdómari láta skipstjóra staðfesta áður nefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og halda sjóferðapróf yfir skipbrotsmönnum með þeim hætti, er í sjódomslögum segir og eftir því, sem við á. Sjóferðapróf þarf þó ekki að halda, ef fyrirsvarsmáður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum.

6. gr.

Lögreglustjóri skal svo fljótt sem kostur er á og og eftir þörfum skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna. Ef hann fer ekki sjálfur á vettvang, þá felur hann hreppstjóra eða öðrum umboðsmanni sínum framkvæmdir.

7. gr.

Nú vill skipstjóri eða sá, er í hans stað kemur, eða umboðsmáður úrgerðar eða vátryggjanda, annast sjálfur björgun á skipi eða góssi frá öndverðu, og er honum það þá rjett, en ekki er björgunarsamningur þó bindandi, nema samþykki lögreglustjóra eða viðkomandi ræðismanns komi til, enda sje sett, að álitu lögreglustjóra, full trygging af hálfu skips eða góss fyrir efndum samningsins.

Rjett er eiganda eða vátryggjanda strandaðs skips eða góss að taka í sínar hendur björgun og meðferð á skipi og góssi hve nær sem er, enda selji þeir fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu alls áfallins kostnaðar og þess kostnaðar, er síðar kann löglega að falla, þar með kostnaður við heimsending strandmanna. Um björgunarsamninga fer samkvæmt 1. málsg.

Hvarvetna þess er aðili tekur björgun skips eða góss í sínar hendur, eru íslensk stjórnvöld við hana skilin.

8. gr.

Nú er ekki svo ástatt sem í 1. málsg. 7. gr. segir, og má þá hreppstjóri eða lögreglustjóri ekki fresta björgun, þó að ósamið sje um bjarglaun. Kveður lögreglustjóri þá á um það, hversu þeim skuli greiða, er að björgun starfa. Bjarglaun skal annaðhvort miða við þann tíma, sem hver hefir unnið, enda komi þá til greina atvik öll, eða við verðmæti þess, sem bjargað er, enda sje þau þá að jafnaði þriðjungur verðs hins bjargaða að frádregnum sölukostnaði.

9. gr.

Lögreglustjóri eða sá, er í stað hans stýrir björgun, skal sjá um það, að allt sem gert verður til að bjarga mönnum, skipi eða góssi, verði unnið svo fljótt og vel sem kostur er. Skal fyrst og fremst, næst mannbjörg, bjarga skipsskjöllum. Ef líklegt þykir, að skipi verði af grunnu komið og að það verði gert halfært,

þá skal kosta kapps um, að svo megi verða. Af góssi skal björgun á því, sem verðmætast er, ganga fyrir svo sem unt er.

Rjett er aðilja eða umboðsmanni hans að vera við björgun.

10. gr.

Skylt er öllum verkfærum alþýðumönnum sjálfum sjer ráðandi að vinna að björgun og varðveislu bjargaðra muna, er lögreglustjóri eða umboðsmaður hans kveður þá til þess. Með sama hætti er manni skylt að lána heimamenn sína, bát sinn, hesta eða áhöld til björgunar eða flutnings bjargaðra muna á geymslustað. Eönnfremur er mönnum skylt að lána hús sín til geymslu bjargaðra muna, ef þeir mega án þeirra vera og þau spillast ekki verulega fyrir slíka notkun. Ef bjargað góss verður ekki geymt á fulltryggan hátt, þá skal setja um það vörð. Endurgjald fyrir lán hesta, skipa og áhalda, svo og kaup varðmanna, ákveður lögreglustjóri.

Ef strandmunir hverfa eða fara forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unt er.

11. gr.

Ef skipbrotsmenn geta ekki sjálfir útvegað sjer húsnæði, mat og aðrar nauðsynjar, þar á meðal aðbjúkrun á sjúkum mönnum, þá skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans hlutast til um það, að bætt verði úr nauðsyn þeirra við sanngjörnu endurgjaldi, sem lögreglustjóri ákveður. Með sama hætti skal sjá um greftrun dáiinna skipverja, enda skal gera hana með fullri sparsemi, ef greiða skal af strandinu.

Skylt er að veita skipbrotsmönnum húsaskjól og aðhlyningu eftir megni og að því leyti sem ekki fer í hága við sóttvarnarráðstafanir.

Lögreglustjóri skal sjá um það, að skipbrotsmönnum verði veittur nauðsynlegur fararþeini þegar er þeir mega frá strandi hverfa.

Nú tekur umboðsmaður þess ríkis, er skip er frá, að sjer málefni þau, er í grein þessari segir, og eru þá íslensk stjórnvöld frá þeim tíma við þau skilin.

12. gr.

Hreppstjóri heldur dagbók um strand hvert. Þar skal hann skrá nafn skips og heimilisfang og útgerð, hvar, hvernig og hvenær slys hafi að borið, hvenær (dag og klukkustund) hann hafi orðið þess var, hver eða hverir þar hafi fyrst að komið, hver hafi fært honum fregn um atburði, hvenær hann sjálfur hafi á vettvang komið og hvernig hafi þá verið þar umhorfs, hvar skip og góss var, og hvernig það hafi þá verið farið, hvort skipstjóri og skipverjar hafi þar þá verið, hvernig þeir hafi bjargast og hvernig ástatt sje um þá, hvort nokkur hafi farist eða slasast, hverir hafi komið þeim til hjálpar, hvort hann hafi látið meta, hvort skip skyldi talið strandað, hverir hafi gert það og hver niðurstaðan hafi orðið; hvaða ráðstafanir hann hafi gert til björgunar og aðhlyningar manna, og til björgunar og varðveislu góss bæði áður en og eftir að hann fekk fyrirskipanir lögreglustjóra, hverju bjargað hafi verið, enda sje gerð svo nákvæm skrá

um það sem unt er. Þá skal í dagbók skrá, ef skipstjóri afsalar sjer afskiftum hreppstjóra af björgun, hvort hann hafi gefið skýrslu samkvæmt 5. gr., svo og hvað annað, er strandið varðar og hreppstjóri skal annast. Eftirrit úr dagbók sendir hreppstjóri lögreglustjóra ásamt öðrum strandskjölum.

Lögreglustjóri löggildir stranddagbók hreppstjóra. Hana skal og gegnumdraga og tölusetja. Ríkissjóður kostar hana.

Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlka skal hafa, ef hans er kostur og þörf.

Lögreglustjóri skráir í lögreglubók eða sjerstaka strandbók það, er hann gerir og strand eða strandmenn varðar, að undantekinni skýrslu um stranduppboð.

13. gr.

Þeim, sem björgun stýrir eða annast gæslu á strandgóssi, er rjett að vísa burt öllum þeim mönnum, sem engan þátt taka þar í og eru að öðru leyli óviðriðnir strandið. Svo skal og vísa brott þeim bjargendum eða flutningsmönnum strandgóss, er gera sig óhæfa til starfsins vegna óreglu, ótrúmensku eða óspekta. Taka má þá fasta, er ekki fara fúslega. Lögreglustjóri sker úr ágreiningi út af framkvæmdum við björgun eða varðveislu strandgóss, og skal hann síðar bóka úrskurði þá, er hann hefir kveðið upp munnlega.

14. gr.

Lögreglustjóri skal sjá um, að matmæli þau eða drykkjarföng, sem skemst hafa við strand og ef til vill eru skaðvæn heilsu manna, verði rannsökuð af hjeradslækni, eða, ef ekki næst til hans, af tveimur mönnum, sem vit hafi á því. Skulu þeir segja til um það, hvort nota megí vörurnar og hvernig, án þess að tjón hljóti af, og skal þá selja þær með því skilorði, er þeir setja. Nú reynast vörur svo spiltar, að hætta er talin af notkun þeirra, og skal þá ónýta þær, og hafi lögreglustjóri eða hreppstjóri umsjón með því.

15. gr.

Nú strandar skip, sem ekki hefir fengið heilbrigðisvottorð hjer á landi, eftir að það síðast fór frá útlendri höfn, eða síðast hafði mök við skip á hafi úti, og skal þá að svo miklu leyti sem frekast er unt, fara með skipið og skipshöfnina eftir fyrirmælum gildandi sóttvarnarlaga.

16. gr.

Nú er tollvörum eða bannvörum bjargað, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að farið verði með þær lögum samkvæmt.

17. gr.

Strandað skip eða það úr því, sem bjargast hefir, svo og bjargað strandgóss, skal selja á opinberu upphóði, nema aðiljar samþykki annarskonar sölu. Þá skal selja, er hallkvæmast má telja, enda skal gæta þess, að draga ekki sölu

á munum, er ekki þola geymslu eða falla mundu annars í verði fyrir geymslu eða hún yrði svo dýr, að hún svaraði ekki kostnaði.

Lögreglustjóri skal, eða hreppstjóri í umboði hans, gera allar þær ráðstafanir, sem þörf er á vegna uppboðs. Uppboð skal birta þeim, er í grend búa, og ef mikið er til sölu, þá einnig í nágrennasveitum. Lögreglustjóri kveður á um uppboðsskilmála. Þar skal meðal annars vera svo mælt, að skip eða skipsleifar, sem ekki eru fluttar burt úr fjöru eða flæðarmáli innan 2 ára frá skipstrandi talið, verði eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 29. gr. laga þessara. Gjaldfrestur má ekki skemmri vera en 14 dagar, en innheimtumaður uppboðsandvirðis ræður því, hverjum gjaldfrestur verður veittur. Rjett er að uppboðshaldari annist innheimtu, en eigi mega innheimtulaun fara fram úr 6 af hundraði, og hálfu minni skulu þau vera, ef greitt er við hamarshögg.

Lögreglustjóri leitar álitis aðilja eða umboðsmanns hans um uppboð, ef þess er kostur án verulegs kostnaðar eða tafar, enda metur lögreglustjóri það.

18. gr.

Jafnskjótt sem sölu strandgóss er lokið og kostnaður af strandi allur, þar á meðal kostnaður af farningu skipbrotsmanna til burtfararhafnar hjeðan af landi, er fenginn, semur lögreglustjóri reikning um strandið. Sendir hann dómsmálaráðuneytinu reikninginn tvíritaðan ásamt fylgiskjölum, þar á meðal dagbókarefritriti hreppstjóra, eftirriti úr lögreglubók eða strandbók og uppboðshók, skip-skjölum, sjóferðaprófi o. s. frv. — til endurskoðunar og úrskurðar í öllum atriðum. Þegar dómsmálaráðuneytið hefir úrskurðað reikninginn, sendir það hann fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis, ef það hefir hjer umboðsmann sinn, en ella til annara rjettra aðilja.

Uppboðsandvirði strandgóss, sem afgangs kann að verða kostnaði öllum af strandinu, sendir lögreglustjóri dómsmálaráðuneytinu jafnskjótt sem honum hefir verið tilkynt, að reikningur væri úrskurðaður og gjaldfrestur liðinn. Dómsmálaráðuneytið sendir fjeð síðan fyrirsvarsmanni viðkomandi ríkis eða öðrum aðiljum.

19. gr.

Lögreglustjóri eða umboðsmaður hans eða hreppstjóri skulu fá 10 krónur í fæðispeninga dag hvern, er þeir þurfu að vera að heiman vegna strands, og að auki ferðakostnað eftir reikningi. Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann þó að eins ferðakostnað og lögmælt sölulaun.

Fyrir sjóferðapróf skal gjalda hjeraðsdómara 12 krónur.

20. gr.

Skip og góss, annað en venjulegur farangur skipverja, er þar til það er selt að tilhlutun lögreglustjóra, og síðan andvirði þess, að veði framar öllum öðrum höftum, er á því kynni að hvíla, til tryggingar öllum þeim kostnaði, er af strandi leiðir og áfallinn er fyrir ráðstafanir stjórnvalda eða einstakra manna, er þeir hafa gert af nauðsyn áður en stjórnvöld komu til, svo sem björgunarlaunum, hýsingu, flutningi og heimsendingu skipverja, varðveislu góss, ferðakostna-

aði og dagpeningum, gjöldum fyrir rjettargerðir, eftirrit, sendiferðir, símskeyti o. s. frv.

Ef andvirði strandgóss hrekkur ekki fyrir öllum strandkostnaði, og fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis greiðir hann ekki þegar, þá má eftir ósk lögreglustjóra greiða úr ríkissjóði það, sem á vantar, gegn endurgjaldi frá rjettum aðiljum.

21. gr.

Nú strandar íslenskt skip hjer við land, og taka þá ákvæðin hjer að framan ekki til þess, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti sem ráðstafanir íslenskra stjórnvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sjer.

II. kafli.

Um vogrek.

22. gr.

Það er vogrek, er skip rekur á land eða skipshluta eða aðra muni, sem svo eru merktir eða svo er annars farið um, að ætla má eignarjetti undirorpna.

23. gr.

Ábúandi eða neyslumaður lands skal vogrekum bjarga og veita þeim vörð. Ef enginn er ábúandi eða neyslumaður, þá skal landeigandi bjarga vogrekum og geyma þeirra. Tilkynna skal hreppstjóra eða lögreglustjóra vogrek, enda skulu þeir hlutast til um björgun vogreks, ef þess gerist þörf, og varðveislu. Ef lögreglustjóri hefir ekki sjálfur skoðað vogrek, þá ber hreppstjóra að láta honum jafnskjótt sem verða má glöggva lýsingu á því og áætlun um verðmæti þess.

24. gr.

Nú sannar maður ótvirætt heimild sína til vogreks, áður en það er auglýst, og má þá selja honum það í hendur. Annars kostar skal vogrek auglýsa með þeim hætti, er hjer skal sagt verða:

Ef ætla má eftir framkomnum upplýsingum, að vogrek nemi ekki yfir 200 kr., þá auglýsir lögreglustjóri það með þeim hætti, er hann telur best fallinn til þess að komast fyrir það, hver eigandi sje. Ef telja má vogrek meira virði, þá auglýsir lögreglustjóri það einu sinni í Lögbirtingablaði, enda sendir dómsmálaráðuneytið eitt eintak af auglýsingunni hverjum fyrirsvarsmanni annara ríkja hjer á landi. Í auglýsingu skal lýsa vogreki eftir föngum og skora á tilkallsmenn að gefa sig fram innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar og sanna lögreglustjóra heimildir sínar, því að annars kostar verði vogrek eða andvirði þess eign ríkissjóðs eða fjörueiganda. Áður en liðnir eru 6 mánuðir má engum tilkallsmanni selja vogrek í hendur, nema hann setji fulla tryggingu fyrir því, að hann skili vogreki aftur eða andvirði þess, ef annar skyldi koma áður frestur sje liðinn með ríkari gögn fyrir tilkalli sínu.

25. gr.

Nú sannar maður heimildir sínar að vogreki áður lögmæltur frestur sje á enda, og skal þá selja honum það í hendur eða andvirði þess. Annars kostar verður vogrek eða andvirði þess eign rikissjóðs, ef það eða andvirði þess nemur 500 kr. eða meira, eftir að allur kostnaður er greiddur, en ella fjörueiganda.

Tilkallsmaður, er gefur sig fram áður en frestur er liðinn, getur borið kröfu sína undir dómstóla, ef lögreglustjóri vill ekki taka hana að öllu til greina. Ef fleiri en einn gera tilkall til vogreks, má engum þeirra selja í hendur fyr en úr því er skorið með fullnaðardómi, hver skuli fá vogrek eða andvirði þess.

Nú ber maður upp kröfu sína eftir að lögmæltur frestur er liðinn, og á hann þess máls aldrei uppreist, nema hann sanni fyrir dómi, að ólöglega hafi með málið farið af hálfu stjórnvalda.

Mál samkvæmt 2. og 3. málsg. skal höfða á hendur lögreglustjóra á varnarþingi hans, enda sje honum stefna birt áður en liðnir eru 6 mánuðir frá því, er hann synjaði kröfu stefnanda.

Nú þykir tvímælis orka um verðmæti vogreks, og skulu þá 2 dómkvaddir menn meta það.

26. gr.

Vogrek sjálf, meðan það er óselt, en andvirði þess, eftir að það hefir verið selt, er að veði til tryggingar öllum kostnaði af ráðstöfunum þeim, sem löglega eru gerðar til að bjarga því, varðveita það og auglýsa, og gengur veð það fyrir öllum höftum, er vera kynni á vogreki, enda skal jafnan greiða allan þann kostnað áður en vogrek eða andvirði þess sje nokkrum til eignar fengið.

Lögreglustjóri úrskurðar þann kostnað, sem hjer segir, en bera má úrskurð hans undir dómsmálaráðuneytið áður en 3 mánuðir sje liðnir frá dagsetningu úrskurðar lögreglustjóra.

27. gr.

Nú er skip eða skipsflak, sem er vogrek, selt á opinberu uppboði, og skal þá setja í uppboðsskilmála slíkt ákvæði sem í 17. gr. segir um brotthöfn skips af fjöru og láta sama varða, ef af er brugðið.

III. kafli.

Almenn ákvæði.

28. gr.

Nú liggur skip eða skipsflak, þar á meðal vogrek, sem eigandi hefir leitt sig að, óhirt á fjöru 4 ár eða lengur, og skal lögreglustjóri þá auglýsa, eftirbeiðni þeirra, er eignast mundu skip eða skipsflak eftir 25. gr., ef það væri vogrek, í Lögbirtingablaði, að skip eða skipsflak verði fengið þeim í hendur til eignar samkvæmt þessari grein, nema skip eða skipsflak hafi verið tekið út áður en 9 mánuðir sjeu liðnir frá birtingu auglýsingar. Ef það hefir ekki verið gert innan

þessa tíma, þá verður skip eða skipsflak eign ríkissjóðs eða fjörueiganda með þeim hætti, sem í 25. gr. segir.

29. gr.

Nú hefir skip eða skipsflak legið óselt á strandstað eitt ár, og getur lög-
reglustjóri þá látið selja það ásamt því, er því fylgir, á opinberu uppboði, ef ó-
ráðlegt þykir vegna hagsmuna almennings, að dómi dómsmálaráðherra, að láta
það vera lengur óselt. Í uppboðsskilmálum skal kveða svo á, að skip eða skips-
leifar, sem ekki verði flutt burt úr fjöru innan tveggja ára frá því, er strandið
varð, skuli verða eign ríkissjóðs eða fjörueiganda samkvæmt 25. gr. Uppboð skal
jafnan tilkynna þeim, er hafa sjerstaklega hagsmuna að gæta, ef heimilisfang
þeirra er kunnugt, en annars kostar fyrirsvarsmanni þess ríkis, er skip var frá.
Uppboðsandræði að frádregnum kostnaði skal svo greiða samkvæmt 2. málsg.
18. gr.

Nú hefur aðili björgun eða tekur að vinna úr skipi áður en ár er liðið
frá strandinu, og skal dómsmálaráðherra þá veita honum hæfilegan frest til að
halda þeim athöfnum áfram, uns 2 ár eru liðin frá þeim atburði, eða alt að 3
árum, ef björgun er sjerstökum erfiðleikum bundin. Sömu fresti skal og veita
uppboðskaupanda, sbr. 17. og 27. gr. og fyrri málsg. þessarar greinar, ef eins
er ástatt.

30. gr.

Atvinnumálaráðherra getur látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt þegar
eftir strand eða skipbrot, ef óhjákvæmileg nauðsyn þykir vegna hættu eða tálma,
er af því stafi. Ef skip eða skipsflak verður annars til tálma eða hættu, þá skal
vitamálastjórnin auðkenna staðinn, og jafnframt selja þeim, er skip eða skipsflak
á, með auglýsingu í Lögbirtingablaði, hæfilegan frest til að hirða það. Að þeim
fresti liðnum getur atvinnumálaráðherra látið gera skip eða skipsflak óskaðvænt.
Ekki á sá, sem rjett á yfir skipi eða skipsflaki, kröfu til bóta, þó að eign hans
sje spilt fyrir þær ráðstafanir, sem í þessari grein segir.

Til tryggingar kostnaði af ráðstöfunum samkvæmt þessari grein er skip
eða skipsflak, svo og farmur, ef hætta stafar af honum eða verulegt óhagræði,
og andvirði, ef sala hefir farið fram, að veði framar öllum öðrum höftum, er á
þeim kynni að hvíla. Má selja það, er bjargast kann á opinberu uppboði til
greiðslu kostnaðar, en það er afgangs kynni að verða, skal greiða rjettum aðilj-
um samkvæmt 18. gr. 2. málsg.

31. gr.

Fyrirmæli laga þessara haggja ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum
inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaup-
staða eða kauptúna.

32. gr.

Um refsingar fyrir brot á lögum þessum fer sem hjer segir :

1. Ef einstakir menn brjóta það, sem þeim er boðið í 1., 10., 11. og 13. gr.,
eða hafa í frammi einræði eða móttþróa við björgun eða telja hana vilj-

andi, þá varðar það 10—1000 kr. sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

2. Ef lögreglustjóri, sjerstakur umboðsmaður hans eða hreppstjóri eða önnur stjórnvöld brjóta lög þessi, þá fer um refsingar fyrir það eftir almennum hegningarlögum.

33. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

Mál vegna brota á lögum þessum fara að hætti almennra lögreglumála, nema sakamárameðferð skuli bafa.

34. gr.

Lög þessi skal þýða á dönsku, ensku, þýsku og frönsku og sjerprenta, enda skal fá lögreglustjórum nægan forða af sjerprentunum og þýðingum til afnota handa hreppstjórum og öðrum, sem á þeim þurfa að halda

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.

Frá sama tíma eru úr gildi numin þessi lagaboð:

Opið brjef 4. maí 1778, 1.—4. gr.

Opið brjef 2. apríl 1853.

Lög nr. 1, 14. jan. 1876.

Lög nr. 2, 2. febr. 1894, 6. gr.

Lög nr. 18, 2. nóv. 1914.

Lög nr. 56, 30. nóv. 1914 X. kap., að því leyti sem hann tekur til skipstranda, og loks öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild Alþingis 1925 samþykki ályktun um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um skipströnd og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um þetta efni. Dómsmálaráðuneytið taldi nauðsyn að verða við áskorun þessari, með því að gildandi lög um skipströnd eru orðin úrelt, enda eru þau nú 50 ára gömul. Jafnframt þótti rjett að taka til athugunar löggjöf vora um vogrek, enda er það skylt efni, og hún er gömul orðin og ekki sem glöggust. Það hefir verið leitað álitis sýslumannsins í Skaftafellssýslu, þess manns, er mesta reynslu mun nú hafa um skipströnd allra sýslumanna landsins. Varð hann vel við og sendi dómsmálaráðuneytinu rækilegar tillögur, sem hefir verið einkar mikill styrkur að, enda hefir mjög verið eftir þeim farið.

Um 1. kafla.

Hjer er safnað þeim fyrirmælum, er skipströnd varða. Er vitanlega bygt á strandlögum nr. 1, 14. jan. 1876, þar er fært þótti, en víða er þó af brugðið fyrirmælum þeirra fyrir þær sakir, sem þegar hefir verið getið.

Um 1. gr.

Hún er að efni til svipuð 1. og 2. gr. strl. Það er auðvitað sniðið úr, sem nú er ósamrímalegt ástandinu 1876, og nýju við bætt, sem skipulagi nútímans hæfir.

Um 2. gr.

Nú skortir ákvæði í lögum um það, hvenær skip eigi að telja strandað. Því er hjer stungið upp á fyrirmæli, sem geri þess kosti, að af verði tekinn allur vafi um þetta. Það virðist rjett, að gengið sje úr skugga um þetta atriði svo fljótt sem auðið er, enda þótt vitanlega komi ekki til mála, að fresta framkvæmdum til björgunar, allra síst björgun manna, þótt úrskurður um þetta atriði sje ófenginn. Það verður annars að fela það ráðsvinnu og hægvirki lögreglustjóra og hreppstjóra, eins og svo margt annað um skipströnd, hvenær skera skuli úr því, hvort skip skuli telja strandað eftir þessari grein.

Um 3.—6. gr.

Eins og áður, sbr. og 3. gr. strl., hlýtur hreppstjóri i öndverðu að hafa umsjón og forystu um björgun samkvæmt stöðu sinni. Það þykir nú ekki full nauðsyn á því, enda ekki alvenja nú, að lögreglustjóri fari alltaf á strandstað. Hann getur því oft falið hreppstjóra eða þá öðrum manni, er hann telur sjer-staklega vel til fallinn, að hafa alla forystu á strandstað. Í 4. og 5. gr. segir um það, hvernig fara skuli að við fyrirsvarsmann skips. Það hefir tíðkast í framkvæmdinni, að leggja spurningar, slíkar sem i 5. gr. segir, fyrir skipstjóra, og virðist einsætt, að honum beri að svara þeim rjett og skýtt, ef hann óskar aðstoðar íslenskra stjórnvalda til björgunar skips og góss.

Það þykir ekki fært að sleppa sjóprófi, nema fyrirsvarsmaður viðkomandi ríkis telji það óþarft, enda hafi hvorki verulegt slys nje manntjón að höndum borið.

Um 7. gr.

Það er auðsætt, að ríkisvaldið hirðir eigi að þröngva aðstoð sinni upp á aðilja um björgun skips eða góss. Hitt þykir jafn sjálfsagt, að greiða skuli áfallinn kostnað eða tryggja greiðslu, ef aðili tekur málið í sínar hendur, sbr. 5. gr. strl. Afskifti lögreglustjóra af björgunarsamningi eru í því skyni ákveðin, að tryggja það, að hvorugur aðilja misbeiti aðstoð sinni til að þröngva kosti hins eða vjela hann.

Um 8. gr.

Ákvæðin um bjarglaun eru svipuð og nú er eftir 7. gr. strl., eins og henni hefir verið beitt. Fyrirmæli 10. kap. siglingalaganna um þesskonar björgun, sem hjer greinir, þykja ekki hafa átt við, og er því ætlast til, að þau verði afnumin um skipströnd, sjá 35. gr. frv. þessa.

Um 9.—11. gr.

Eru að efni til nokkurn veginn samhljóða 6., 9., 10., 11. og 19. gr. strl.,

nema glöggvar er kveðið á um ýmislegt og nokkru slept, er algerlega óþarft þykir að taka fram.

Um 12. gr.

Með því að vel má vera, að lögreglustjóri telji ónauðsynlegt, að hann fari á vettvang, þá er auðsætt, að hreppstjóra ber að annast margt það, sem lögreglustjóri gerði áður. Það þykir því auðsætt, að hreppstjóri haldi dagbók um það, er fram fer og hann framkvæmir bæði áður en og eftir að lögreglustjóri hefir látið hann fá fyrirskipanir sínar. Ef lögreglustjóri felur öðrum en hreppstjóra strandmál, þá verður hann að gefa honum reglur um bókanir, enda verður sá maður alveg á ábyrgð lögreglustjóra.

Um 13. gr.

Sbr. 13. gr. strl.

Um 14.—16. gr.

Það þykir sjálfsagt, að farið verði með strönduð skip, svo sem unt er, eftir ákvæðum gildandi laga um varúðarreglur við aðkomuskip, sjá lög nr. 31, 20. júní 1923 og gildandi reglugerðir. Ef skipverjar reynast haldnir næmri veiki, er varna skal útbreiðslu að lögum, þá fer eftir sóttvarnarlögum.

Um 17. gr.

Svarar til 17. og 18. gr. strl. Innheimtulaun eru hækkuð í samræmi við það, er nú mun tíðkast alment um innheimtulaun. Ákvæðið um flutning skips eða skipsleifa af fjöru er tekið úr 3. gr., 1. 18/1914, sem síðar eru í frv. þetta tekin að efni til að mestu leyti.

Um 18. gr.

Svarar til 20. gr. strl.

Um 19. gr.

Lagt er til, að fæðispeningar hækki nokkuð frá því, er segir í 21. gr. strl. og 6. gr. l. 2, 1894. Það þykir óþarft að taka það fram, að lögreglustjóri eigi ekki kaup fyrir nein embættisverk, er hann vinnur samkvæmt strandlögum, nema það sje sjerstaklega ákveðið.

Um 20. gr.

Það er glögg, að strandfje og andvirði þess hlýtur að standa að veði fyrir öllum löglegum kostnaði, þeim er á það fellur samkvæmt strandlögum, og sá veðrjettur verður að ganga fyrir hverjum öðrum hlutbundnum rjetti í því góssi.

Um 21. gr.

Ákvæði strl. eiga eftir eðli sínu ekki við íslensk skip, því að þá næst jafnan þegar til útgerðarmanns, er svo tekur málið í sínar hendur. Um mannbjörg og aðhlyning skipverja og heilnæmismálefni og kostnað þessara efna, hlýtur þó að fara eftir strandlögum.

Um 2. kafla.

Hjer segir um vogrek. Koma þau ákvæði í stað op. br. 4. maí 1778, 1.—4. gr., Kansbr. 26. ág. 1809, op. br. 2. apr. 1853 og 22.—24. gr. strl. Siglingalögin geyma þar á móti reglur um laun fyrir björgun eftir 25. gr. strl.

Um 22. gr.

Vogrek er skilgreint í Grágás I. b 133, II. 534 og Jónsb., Landsleigubálki 71. kap. (Rekabálki 12. kap.). Munur reka og vogreks er aðallega sá, að hlutur er vogrek, ef enn má ætla hann eignarrjetti undirorpinn, en reki, ef ætla má hann eigandalaus. Vogrek er ein tegund fundins fjár, en reki er hlutur, sem fjörumanni er áskilinn forrjettur til að leggja undir sig (*res jacens*).

Um 23. gr.

Hjer segir, hver bjarga skuli vogreki og hver skuli varðveita það. Var landeiganda það skylt eftir Grágás og Jónsbók, tilv. st. Það getur þó verið ástæða til, að stjórnvald hlutist til um þessi atriði, og því er lögreglustjóra og hreppstjóra ætlað að sjá um björgun vogreks, ef þess þykir þörf.

Um 24. og 25. gr.

Það væri óþarft að kosta til auglýsingar á vogreki, þegar eigandi kemur áður til og sannar eða alkunnugt er, að hann er tvímælalaust eigandi vogreks.

Það er auðvitað álitamál, hvaða vogrek eigi að auglýsa í Lögbirtingablaði og hver öðruvisi eftir ráðstöfun lögreglustjóra. Vitanlega getur hann auglýst öll vogrek, en ef þau eru svo lítils virði, að þau hrykki eigi fyrir þeim kostnaði, þá væri fjarstætt að auglýsa þau þar. Það er algert álitamál, hver vogrek fjöru-eigandi skuli fá og hver ríkissjóður. Fyrirmælin eru hjer gerð mjög miklum mun auðveldari í framkvæmd og gleggri en þau eru nú eftir op. br. 4. maí 1778 1.—4. gr., kansbr. 26. ág. 1809 og op. br. 2. apr. 1853. Það virðist ekki hallað rjetti eiganda vogreks með þessum ákvæðum, enda ekki loku fyrir það skotið, að hann fái borið málið fyrir dómstólana.

Um 26. gr.

Svarar til 20. gr. frv. þessa.

Um 3. kafla.

Hjer er safnað almennum fyrirmælum um skip og skipsflök á fjöru, um refsingar, útgáfu laganna og hver lög sje numin úr gildi.

Um 28. gr.

Er nýmæli. Það ber við að skip og skipsflök liggja við land eða á fjörum manna þeim til óþurftar í reiðuleysi árum saman, enda þótt þau hafi seld verið, og eru þá ekki lög til þess nú að hreyfa við þessu, nema *almennings hagsmunir* krefji, sbr. 1. gr. l. nr. 18, 1914. Úr þessu á að bæta með þessari

grein. Virðist naumast hætta á því, að með þessu fyrirmæli verði gengið á hlut eiganda.

Um 29.--31.

Hjer eru tekin að efni til ákvæði laga nr. 18, 1914. Þau eiga við, ef eigi þykir ráðlegt vegna *almennings hagsmuna* að láta skip eða skipflak vera óselt og kyrt á fjöru, og eru því að þessu leyti þrengri en ákvæði 28. gr. En annars eru sömu ástæður nú sem 1914, er l. nr. 18, 1914 voru sett, og virðist því ekki þurfa að færa að nýju rök fyrir lagasetningu þessari. Fyrirmæli um kyrrsetningu, þau sem á 6. gr. laga nr. 18, 1914 eru, þykir ekki nauðsyn að taka, því að kyrrsetningar verður eigi þörf fremur hjer en ella, þegar strandfje eða vogrek er selt, því að lögreglustjóri og uppboðshaldari eða umboðsmenn þeirra, hafa verðmætin í vörslum sínum, að minsta kosti venjulega, en ef hennar reynist þörf, þá mundu duga reglur þær í lögum, sem fyrir eru.

Um 32. gr.

Það virðist ekki þurfa að taka það fram, að þeir sem hafa forystu um björgun af hálfu ríkisvaldsins, megi ekki sjálfir vera aðiljar björgunarsamnings. Það leiðir af almennum reglum, að slíkt er algerlega útilokað, með því að þeir eiga fyrst og fremst að gæta hagsmuna skipbrotsmanna og þeirra, sem strandfje eiga. Það mundi líka varða refsingu eftir almennum hegningarlögum, ef opinber sýslumaður eða embættismaður komi þannig fram gagnstætt embættisskyldu sinni og velsæmi.

Um 33.—35. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.